

Ytra mat

Leikskólinn Dalur
í Kópavogi

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2020
ISBN 978-9979-0-2601-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Starfsmenn.	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	18
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	20
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	21
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	24
Skipulag og viðfangsefni	24
Gagnaöflun og vinnubrögð	24
Opinber birting og umbætur	24
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar í þessari samantekt.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Dalur er vel búinn fagfólki. Meirihluti sem starfar með börnum hefur leikskólakennaramenntun. Uppfyllir leikskólinn því ákvæði laga hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljast til stöðugilda leikskólakennara. Leikskólinn hefur sett sér stefnu og samþykkt hafa verið einkunnarorð/gildi og markmið fyrir hann. Stefna leikskólans er vel sýnileg í starfi með börnunum. Húsnæði hans uppfyllir að mestu leyti ákvæði laga um leikskóla. Ekki er aðstaða fyrir viðtöl og minni fundi og rými deilda fremur þröngt miðað við fjölda barna. Skoða þarf hljóðvist á deildum. Útileiksvæði leikskólans er nýlega uppgert, stórt og vel búið tækjum og því engin þörf á lagfæringum.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er vel stjórnað af fagmennsku og metnaði. Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg og starfshópurinn samhentur. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega en skoða ætti fyrirkomulag þeirra. Svigrúm er veitt til símenntunar starfsmanna og stjórnendur leggja áherslu á að nýta mannauð leikskólans. Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsmanna, þeim líður vel í vinnunni og eru stoltir af starfi sínu. Ákvarðanatáka innan leikskólans er að miklu leyti lýðræðisleg og upplýsingaflæði er gott. Allar lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir en endurskoða þarf skólanámskrá frá 2018 sem er ekki að öllu leyti í samræmi við aðalnámskrá og lög um leikskóla. Góð samskipti eru við leikskóladeild Menntasviðs Kópavogsbæjar varðandi stuðning við stjórnendur, börn og starfsmenn.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi er skipulagt út frá markmiðum leikskólans. Efniviður er fjölbreyttur, tekur mið af þörfum barna og gerir ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af jákvæðu viðmóti, virðingu, umhyggju og gleði. Dagskipulag skiptist í hópastarf, frjálsan leik og útivist. Sýnilegt er að börnunum líður vel og leikur þeirra og samskipti einkennast af gleði og áhuga. Unnið er með verkefnið *Lubbi finnur málbein* í tengslum við áherslur á læsi í víðum skilningi og verkefnið *Blæ* út frá áherslum um góð samskipti. Leikskólinn vinnur þróunarverkefni ásamt öðrum leikskólum Kópavogs um sjálfbæra þróun samkvæmt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Dagskipulag er í stöðugri endurskoðun, meðal annars er unnið að því að þróa samstarf deilda í hópastarfi og skoða hlutfall milli skipulagðra stunda og frjáls leiks. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi liggja í að skoða frekar dagskipulagið, meta hópastærðir og nýtingu sameiginlegra svæða fyrir minni hópa. Tækifæri liggja einnig í að skoða lýðræðislega þátttöku barna til áhrifa á viðfangsefni og skipulagðar stundir. Vel er staðið að upplýsingum um börn með sérþarfir. Ágætlega er unnið með námssviðin læsi og heilbrigði en bæta mætti vinnu með skapandi starf, vísindi, sjálfbærni, útinám/náttúruskoðun.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er gott. Foreldrar þekkja stefnu leikskólans og einkunnarorð og telja að unnið sé í samræmi við þau. Almennu foreldrar ánægðir með upplýsingar leikskólans en daglegar upplýsingar um börnin mætti að þeirra mati bæta og samræma. Foreldrar eru vel upplýstir áður en barnið byrjar í leikskólanum og ánægðir með aðlögunaráætlun hans. Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag undir einni stjórn og styður foreldrafélag vel við starf skólans. Leikskólinn er í formlegu samstarfi við grunnskólann í hverfinu og annan leikskóla í hverfinu. Skoða ætti starfsreglur foreldraráðs. Gera þarf fundargerðir foreldraráðs sýnilegar á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri með sérkennsluréttindi sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu í leikskólanum og gerir frumgreiningar. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana fyrir börn með greiningu með þátttöku foreldra. Teymi er skipað í kringum sérkennslubörn. Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram á deildum en í einstaklingskennslu eða minni hópum þegar við á. Sérkennslustjóri leiðbeinir starfsmönnum sem annast sérkennslubörn á deildum og veitir öllum starfsmönnum deilda upplýsingar og ráðgjöf varðandi börnin. Leikskólinn nýtur stuðnings og ráðgjafar sérkennsluráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings á leikskóladeild Menntasviðs Kópavogsbæjar. Sami verkferill er fyrir aðlögun allra barna. Ekki er unnið sérstaklega með málefni barna með annað móðurmál. Boðið er upp á túlkapjónustu í viðtölum ef við á en allar upplýsingar á heimasíðu eru á íslensku.

Innra mat

Leikskólinn fylgir reglum Kópavogsbæjar um að meta eitt námssvið á ári. Starfsáætlun er metin árlega og einnig aðbúnaður og aðstæður. Fagstarfið á deildum er metið á deildarfundum og skipulagsdögum. Einstök verkefni s.s. Lubba-verkefnið er metið tvisvar á ári og eru eldri börnin þátttakendur í því mati. Önnur aðkoma barna eru spurningar til eldri barna og myndataka yngri barna, þessi vinna er þó ekki nógu skipulögð. Óformlegt mat á starfsháttum fer fram í starfsmannaviðtölum, á fagfundum og starfsmannafundum. Til eru í leikskólanum nákvæmar vinnulýsingar um atburði og verkefni í leikskólanum sem notaðar eru til að meta einstaka viðburði. Innra mat í leikskólanum er ekki kerfisbundið og fer allt fram í samræðumati utan kannana Skólapúlsins á viðhorfum foreldra og starfsmanna. Markmið leikskólans eru ekki metin og ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í leikskólanum er ekki matsteymi og ekki eru gerðar áætlanir um mat til lengri tíma. Mikilvægt er að skipa matsteymi í leikskólanum, gera áætlanir um mat til styttri og lengri tíma og leita leiða til að fá betur fram sjónarmið barna. Niðurstöður foreldra og starfsmannakannana eru formlega kynntar og gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats í starfsáætlun.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Dal í Kópavogi. Matið er gert á grundvelli 17.gr. laga um leikskóla nr.90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 21. til 23. september 2020. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 2. september 2020 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn og börn. Foreldrakönnun var lögð fyrir í tengslum við matið. Svörin í könnuninni var góð og alls tóku 84 forráðamenn þátt í henni. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Haft var samband við deildarstjóra leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogsbæjar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eð2.a mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Dalur er fjögurra deilda leikskóli í Kópavogi. Leikskólinn hóf starfsemi sína 11. maí 1998. Deildir leikskólans heita Bláa lind börn fædd 2018 og 2019, Græna lind börn fædd 2017 og 2018, Gula lind börn fædd 2015, 2016 og 2017 og Rauða lind, börn fædd 2015 og 2016.

Í leikskólanum dvelja 82 börn á aldrinum eins til sex ára, 33 stúlkur og 49 drengir. Tvö börn eru með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Þrjú börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl.7:30 til 16:30.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 30 starfsmenn í 22,26 stöðugildum fjórir karlar og 26 konur. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í 100% stöðugildum hvor. Stjórnendur eru báðir með leikskólakennaramenntun og framhaldsnám í stjórnun menntastofnana. Sérkennslustjóri er leikskólakennari með diplómu í sérkennslufræðum í 70% stöðugildi. Auk stjórnenda starfa níu leikskólakennarar við leikskólann. Aðrir starfsmenn með háskólamenntun eru aðstoðarleikskólakennari með tveggja ára menntun í leikskólakennarafræðum. Tveir leikskólaliðar, einn uppeldis- og menntunarfræðingur og einn leiðbeinandi eru í meistaranámi í leikskólakennarafræðum. Tveir leiðbeinendur eru með aðra háskólamenntun og sjö eru án háskólamenntunar. Þrír starfsmenn starfa utan deilda og tveir í eldhúsi. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Starfsmenn Dals búa yfir mikilli reynslu af leikskólastarfi, 27% starfsmanna hafa starfað yfir 10 ár, meðal starfsaldur er tæp sjö ár og margir hafa reynslu frá öðrum leikskólum.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er fremur þröngt miðað við fjölda barna en allt umhverfi hans er mjög snyrtilegt. Í leikskólanum er ekki aðstaða fyrir viðtöl og minni fundi, það hefur verið leyst með því að nota sérkennsluherbergi fyrir þessi verkefni. Að öðru leyti uppfyllir húsnæðið kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Samkvæmt stjórnendum og starfsmönnum virtist hljóðvist ekki nægilega góð á leikstofum deildanna. Matsmenn geta tekið undir þessar athugasemdir. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti var ánægður með aðbúnað barna í leikskólanum.⁴ Útileiksvæði barna er nýlega endurgert, svæðið er stórt, vel búið tækjum og býður upp á fjölbreytt tækifæri til leikja og hreyfingar. Gert er ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir allra yngstu börnin sem afmarkað er með lágri girðingu. Afmarkað svæði fyrir ræktun grænmetis og berja er vel nýtt. Tækifæri eru utan leikskólalóðar til vettvangsferða og útináms.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna eru skipulögð út frá hugmyndafræði John Dewey, Berit Bae og Matz Granath „uppeldisfræði dauðu músarinnar.“ Hugmyndafræðin var innleidd af núverandi leikskólastjóra þegar leikskólinn var opnaður 1998. Einkunnarorð leikskólans eru: *Virðing – ábyrgð – sjálfstæði*. Lögð er áhersla á góð samskipti allra í leikskólanum, starfsmanna, barna og foreldra. Að sögn leikskólastjóra er lýðræði, virðing og umhyggja í samskiptum leiðin til að tryggja vellíðan barna.⁵ Starfsmenn þekktu stefnu og gildi leikskólans og gátu bent á leiðir sem farnar væru til að framfylgja þeim. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti var mjög eða frekar sammála því að þeir þekktu stefnu og gildi leikskólans, töldu að markvisst væri unnið með hana og meirihlutinn var mjög ánægður með stefnuna.⁶

4 Foreldrakönnun.

5 Viðtal við leikskólastjóra.

6 Foreldrakönnun.

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.
- Útileiksvæði er stórt og vel skipulagt, búið góðum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Starfsmenn þekkja stefnu og gildi leikskólans og geta bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans og telja markvisst unnið með hana.

Tækifæri til umbóta

- Meta þarf hljóðvist á deildum leikskólans.
- Skoða möguleika á að bæta aðstöðu fyrir viðtöl og minni fundi.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Leikskólinn Dalur er rekinn af Kópavogsbæ. Á vegum bæjarfélagsins starfar leikskólanefnd sem fer með málefni leikskólans í umboði bæjarstjórnar. Leikskólanefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Deildarstjóri leikskólaskrifstofu Menntasviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Stjórnendur leikskólans funda reglulega með deildarstjóra leikskólaskrifstofu ásamt öðrum leikskólastjórnendum bæjarins. Leikskólastjóri sagði samskipti við yfirmenn og aðra starfsmenn Menntasviðs vera góð. Leikskólinn hefur aðgang að leikskólaráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og iðjuþjálfara. Kópavogsbær samþykkti í apríl 2007 stefnu og framtíðarsýn fyrir leikskóla Kópavogs, áherslur hennar eru menntun, mannauður, öryggi, samvinna og gæði. Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra leikskólaskrifstofu er skólastefna Kópavogsbæjar í endurskoðun.⁷ Leikskólinn vinnur samkvæmt Heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun í samræmi við stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogsbær hefur sett sér jafnréttisáætlun og eineltisstefnu sem leikskólarnir vinna eftir. Að sögn deildarstjóra leikskólaskrifstofu hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu, ekki hafa borist kvartanir um starfsemi hans, vel hefur gengið að manna leikskólann undanfarin ár og stjórnendur skila öllum áætlunum á tilskildum tíma til yfirmanns.⁸

Námskrá og áætlanir

Leikskólinn er með skólanámskrá frá árinu 2018. Það ár var hún endurskoðuð með aðkomu allra starfsmanna og yfirfarin af foreldraráði. Skólanámskráin uppfyllir ekki allar kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Gert er ráð fyrir að endurskoða skólanámskrána innan tveggja ára. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár og skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans. Aðrar lögbundnar áætlanir og stefnur liggja fyrir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans: viðbragðsáætlun, jafnréttis- og mannréttindaáætlun, forvarnaráætlun og áfallaáætlun. Á öllum deildum og við innganga eru rýmingaráætlanir með vel merktum útgöngu-leiðum. Móttökuáætlun fyrir nýja foreldra og þátttökuaðlögun nýrra barna er í leikskólanum. Starfsmannahandbók hefur verið unnin og er aðgengileg starfsfólki í leikskólanum.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Dals mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Fundir í stjórnendateymi (deildarstjórafundir) eru haldnir einu sinni til tvisvar í mánuði; þar fara fram umræður um uppeldisstarfið og daglegt skipulag. Fundargerðir eru aðgengilegar starfsfólki í fundargerðabókum á deildum. Formleg verkaskipting er ekki í stjórnunarteyminu en allir taka þátt í umræðum um almennar ákvarðanatökur. Deildarstjórar skipta með sér verkum með því að stjórna/bera ábyrgð á einstaka stærri verkefnum. Deildarstjórar bera ábyrgð og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum. Sérkennslustjóri tekur þátt í öllum ákvörðunum sem viðkoma sérkennslu. Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur frá stofnun leikskólans árið 1998 og aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað frá árinu 2011. Leikskólastjórnendur eru ekki með fasta vinnufundi en starfa náið saman á sameiginlegri skrifstofu. Þeir hafa gert með sér undirritaðan samning um verkaskiptingu sín á milli. Samningurinn er aðgengilegur í starfsmannahandbók og farið yfir hann á starfsmannafundum. Samkvæmt honum sér aðstoðarleikskólastjóri um heimasíðu og heldur utan um faglegt starf. Annað er í höndum leikskólastjóra. Skipurit er til fyrir leikskólann og nákvæmar starfslýsingar.

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru fimm á ári og eru nýttir til skipulags leikskólastarfsins og fræðslu. Einn starfamannafundur er á ári. Deildarfundir eru samkvæmt skipulagi tvisvar í mánuði á hverri deild. Á deildarfundum fer fram umræða um málefni sem upp hafa komið á fundum stjórnunarteymis, starfið og skipulagið á deildinni, endurmat og undirbúning foreldrafunda. Fram kom í rýnihópum að ekki væri nægilega góð regla á deildarfundum en starfsmenn voru sammála um að það væri nauðsynlegt að bæta. Starfsmenn tóku fram að hugsanleg ástæða fyrir

7 Deildarstjóri leikskólaskrifstofu.

8 Leikskólafulltrúi.

röskun gæti verið breyttar aðstæður vegna Covid-19 faraldursins. Allir deildarstjórar og leikskólakennarar fá lögbundinn undirbúningstíma en auk þess eru hverri deild úthlutaðir þrjú tímar sem deildarstjórar nýta fyrir aðra starfsmenn til undirbúnings. Að mati starfsmanna er upplýsingaflæði til starfsmanna yfirleitt gott. Upplýsingatafla er í kaffistofu, leikskólastjóri sendir tölvupóst og starfsmenn eru með fésbókarsíðu.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnar-skyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir ákveðnu skráðu verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Leikskólastjóri og trúnaðarmaður tekur ráðningarviðtal ásamt viðkomandi deildarstjóra ef við á. Eftir kynningu leikskólastjóra á leikskólanum sjá deildarstjórar um að setja nýja starfsmenn inn í starfið á deildinni og taka leiðbeiningarsamtöl við þá á reynslutíma.⁹

Símenntunaráætlun liggur fyrir í leikskólanum. Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á að fá inn vinnu-tengda fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum til dæmis slysavarnarnámskeið annað hvert ár, fræðslu um vinnustellingar og fleira. Kópavogsbær býður upp á ýmis námskeið fyrir starfsmenn, má þar t.d. nefna námskeið fyrir deildarstjóra. Kópavogsbær keypti verkefnið Blæ (Vinátta) fyrir leikskóla bæjarins og fylgdi þar með námskeið fyrir tvo starfsmenn. (*Vinátta* er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti, *ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla, frístundaheimilum og dagforeldrum. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum, foreldrum þeirra og starfsmanna.*) Menntanefnd Kragans¹⁰ gefur árlega út bækling með námstilboðum. Starfsmenn voru ánægðir með námstilboð Kragans en gerðu athugasemd við að bæklingurinn hefði ekki verið sýnilegur lengi.¹¹ Starfsmenn geta valið úr námstilboðum Kragans og Kópavogsbæjar, sögðust ekki sérstaklega hvattir til að sækja námskeið en alltaf væri vel tekið í óskir þeirra varðandi símenntun. Stjórnendur tóku fram að margir starfsmenn væru í námi og væri litið á það sem þeirra símenntun. Að sögn deildarstjóra eru allmargir með réttindi til að nota greiningartækin *Hljóm-2* og *TRAS*.¹² Leikskólakennarar sögðu að framboð af símenntun væri nóg en mætti vera fjölbreyttara og tímasetningar henti ekki alltaf.¹³ Sérkennslustjóri sækir námskeið reglulega, fylgist sjálfur með hvað er á döfinni og er boðið að sækja námskeið hjá Kópavogsbæ sem tengist hans fagi.¹⁴ Kópavogsbær styrkir starfsmenn til náms í leikskólakennarafræðum og veitir einnig stjórnendum launað námsleyfi samkvæmt ákveðnum reglum¹⁵

Fagleg forysta

Í viðtali sagðist leikskólastjóri vera skipulagður, hann ætti í góðum samskiptum við fólk almennt. Hann reyni að vera til staðar fyrir alla foreldra, börn og starfsmenn. Leikskólastjóri sagðist fara reglulega inn á deildir til að fylgjast með starfinu og aðstoðar ef með þarf. Hann telur sig vera leiðtoga með góða leiðtoga með sér og dreifi ábyrgð með því að treysta fólki fyrir verkefnum og leyfir því að hafa frelsi innan rammans. Leikskólastjóri sagðist leggja sig fram um að koma skilaboðum vel til skila. Ef upp koma erfið mál í leikskólanum gengur hann strax í að leysa þau með sínu fólki. Samkvæmt starfsmönnum er leikskólastjórinn flottur og góður yfirmaður.¹⁶ Aðstoðarleikskólastjóri sagðist í viðtali vera mjög skipulagður og vildi hafa allt snyrtilegt í leikskólanum. Hann sagðist hafa brennandi áhuga á læsi í víðum skilningi og leggja mikla vinnu í það í leikskólanum.¹⁷ Í foreldrakönnun sem unnin var af Menntamálastofnun kom fram að stór meirihluti telur leikskólanum sé vel stjórnað og stjórnendur séu sýnilegir í starfi.¹⁸ Báðir stjórnendurnir sögðust hvetja starfsmenn til að nýta þekkingu sína og færni.

Fram kom í öllum rýnihópum að stjórnendur væru lýðræðislegir og faglegir leiðtogar. Þeir væru sýnilegir á deildum og bendi á eitt og annað varðandi starfið. Stjórnendur hjálpa til á deildum ef með þarf, alltaf sé hægt að leita til þeirra og þeir sýna starfsmönnum mikinn skilning. Stjórnendur þekkja öll börnin með nafni og taka þátt í samræðunni við þau.¹⁹ Börnin nefndu stjórnendur með nafni, sögðu að þeir væru að skoða „upplýsingar“ og fylgjast með hvort litlu börnin væru að „gera eitthvað óó“ og þeir leiki í dúkkó á eldri deild. Á skrifstofunni skoða þeir upplýsingar og senda.²⁰ Í starfsmannakönnun Skólaláupsins frá 14. apríl 2020 kom fram mikill stuðningur við yfirmenn, yfirmenn meti hæfni og störf

9 Viðtal við leikskólastjóra.

10 Kraginn er annað nafn yfir Suðvesturkjördæmi.

11 Rýnihópur starfsmanna.

12 Rýnihópur deildarstjóra.

13 Rýnihópur leikskólakennara.

14 Viðtal við sérkennslustjóra.

15 Leikskólafulltrúi.

16 Rýnihópur starfsmanna.

17 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

18 Foreldrakönnun.

19 Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

20 Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmanna og barna.

starfsmanna og úthluti verkefnum á réttlátan hátt. Í sömu könnun kom fram að starfsmenn töldu þátttöku í þróunarstarfi litla.²¹

Að sögn þátttakenda í rýnihópum er góð samvinna milli eldri deilda annars vegar og yngri deilda hins vegar. Minni samvinna er milli eldri og yngri deilda að sögn deildarstjóra og starfsmanna en fram kom að áhugi væri fyrir að reyna að auka þessa samvinnu. Deildarstjórar sögðust treysta starfsmönnum sínum fyrir verkefnum, reyna að hlusta á hugmyndir þeirra og hrósa því sem vel væri gert. Einn deildarstjóri sagðist leggja áherslu á stöðuga góða samræðu um starfið og aðferðin væri orðin inngróin í starfið á deildinni. Deildarstjórar sögðust ekki festa sig í vinnu með hópa til að geta betur fylgst með framkvæmd hópastarfsins. Samkvæmt ummælum þátttakenda í rýnihópum er alltaf hægt að leita til annarra starfsmanna og skiptast á skoðunum. Starfsmannavelta er lítil í leikskólanum, starfsmenn mæta vel og vinna saman sem einn maður.²²

Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fá samtöl við skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu og leikskólaráðgjafa. Stjórnendur taka samtöl við deildarstjóra, sérkennslustjóra og starfsmenn utan deilda. Deildarstjórar taka samtöl við deildarstarfsmenn sem geta, ef þeir vilja, valið um að fá samtöl við annan hvorn stjórnanda leikskólans. Fram kom hjá deildarstjórum að þeir voru ekki með öllu sáttir við þetta fyrirkomulag og töldu sterkara að stjórnendur tækju starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn. Að mati starfsmanna eru starfsþróunarsamtölin nauðsynleg, gott að hittast maður á mann, gefur tækifæri til að skoða sjálfan sig og fá ábendingar um það sem betur mætti fara og setja fram óskir sínar og skoðanir.²³ Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogsbæjar heimsækja leikskólaráðgjafar, sérkennsluráðgjafi og deildarstjórinn leikskólann reglulega.²⁴

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsmenn voru sammála um að starfsandi leikskólans væri mjög góður og starfsmönnum líði vel. Í leikskólanum væri gott andrúmsloft þar sem ríkti jákvæðni, vinsemd og virðing. Horft væri á fólk sem jafningja og mannauðurinn væri vel nýttur. Starfsmenn reyna að deila þekkingu sín á milli og byggja upp lærdómssamfélag. Stjórnendur og starfsmenn voru stoltir af starfi sínu og töldu störfin metin að verðleikum. Metnaður væri einkennandi fyrir hópinn í heildina. Í starfsmannakönnun sem gerð var 14. apríl 2020 í samvinnu Skólaláttarsins kom fram að starfsmenn töldu sig hafa metnað og kunnáttu í starfi, tækifæri til að sýna frumkvæði og þeir fengju stuðning og aðstoð frá öðrum starfsmönnum.²⁵ Fram kom hjá öllum viðmælendum að þeir mæta glaðir til vinnu og þeim líður vel. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsandinn væri ótrúlega góður og skemmtilegt að vinna í leikskólanum, saman blandist jákvæðni, gleði, hómor, grín og ábyrgð. Yfirmennirnir væru frábærir, gerðu allt með jákvæðni og starfsandinn væri þá líka þannig. *Engin býr til starfsandann nema starfsmenn.*²⁶ Starfsmannahópurinn gerir ýmislegt til að styrkja starfsandann. Skemmtinefnd leikskólans skipuleggur ýmsar uppákomur svo sem að fagna afmælum starfsmanna, fara út að borða og skemmta sér. Fjórtíu hvert ár fara starfsmenn í náms- og kynnisferðir erlendis. Í foreldrakönnun var mikill meirihluti ánægður með samskipti og viðmót starfsmanna. Í starfsmannakönnun sem unnin var í samstarfi við Skólaláttarsinn 14. apríl 2020 var leikskólinn undir meðaltali leikskóla sem hafðir eru til samanburðar varðandi starfsanda og í sömu könnun kom fram ábending um einelti.²⁷ Tekið skal fram að könnunin var gerð þegar öll starfsemi leikskólans var lituð af áhrifum Covid-19 faraldursins. Að sögn stjórnenda og starfsmanna settu stjórnendur strax í gang vinnu við að skoða ábendingu um einelti.²⁸

21 Starfsmannakönnun.

22 Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfamanna.

23 Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

24 Deildarstjóri leikskólaskrifstofu

25 Starfsmannakönnun.

26 Rýnihópur starfsmanna.

27 Starfsmannakönnun

28 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, og rýnihópa deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu og allar lögbundnar áætlanir.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans og leikskólastjórnendur leggja áherslu á gæðasamskipti í leikskólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingaflæði leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður og einkennist af gagnkvæmri virðingu og samkennd.
- Starfsmönnum líður vel í vinnunni, segja þekkingu sína og hæfni vel nýtt og hafa trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með símenntunartilboð og viðbrögð við óskum um símenntun.

Tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá frá 2018 ætti að endurskoða innan tveggja ára.
- Mikilvægt er að halda deildarfundum reglulega samkvæmt skipulagi.
- Skoða mætti fyrirkomulag starfsþróunarsamtala með tilliti til þess hverjir taka þau.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag innanhúss gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna. Námsumhverfið er skipulagt út frá markmiðum leikskólans, tekur mið af þörfum barna og gerir ráð fyrir fjölbreyttum tækifærum til leikja og náms. Hver deild hefur tvær stofur til umráða, leikstofu og hvíldarherbergi og þar rúmast allar afhafnir daglegs starfs. Leikstofurnar eru nokkuð þröngar en vel nýttar meðal annars með því að nota felliborð til að auka gólfrymi. Fram kom hjá deildarstjóra einnar deildar að æskilegt væri að fá fleiri slík borð á deildina. Lítið sameiginlegt rými fyrir framan eldri deildir er vel nýtt til leikja og hópstarfs. Á yngri deildum er samskonar rými en stærra, sem nýtt er til frjálsra leikja og hópstarfs og þar fara einnig fram lestrar- og samverustundir.

Skipulag húsnæðis gefur möguleika á góðum samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Salur og listasmiðja eru í miðju húsi og nýtast öllum deildum. Hver deild hefur aðgang að listaskála og sal einu sinni í viku. Gangurinn sem liggur þvert gegnum húsið er nýttur fyrir börnin til að rannsaka, skoða og spjalla. Þar er meðal annars stórt heimskort á vegg og myndræn verkefni um námssvið leikskóla unnin af börnum og starfsmönnum. Tvö lítil vísindahorn eru sitt í hvorum enda hússins nálægt deildunum. Allt vel merkt og aðgengilegt börnunum. Tvær yngri deildirnar hafa hvor sitt salerni en eitt salerni er fyrir tvær eldri deildirnar. Til fyrirmyndar er hvernig starfsmenn hafa skipulagt umgengni og nýtingu salernisins fyrir stóran barnahóp.

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagskipulags, ræða það á deildarfundum og endurskoða eftir þörfum.²⁹ Dagskipulag er sýnilegt á öllum deildum og skiptist í: hópstarf, söng- og sögustundir, frjálsar og skipulagðar stundir í sal og listaskála, útiveru og frjálsan leik. Myndrænt skipulag er hvergi sýnilegt í leikskólanum. Sameiginleg söngstund er í sal einu sinni í viku. Samkvæmt dagskipulagi fer mestur tími morgunsins á eldri deildum í hópstarf en að sögn deildarstjóra hefur, í kjölfar umræðna starfsmanna á skipulagsdegi, frjálsi leikurinn verið aukinn lítilega.³⁰ Í rýnihóp starfsmanna kom fram sú skoðun að æskilegt væri að auka enn frekar tímann fyrir frjálsan leik. Þeir sögðu að börnin stundum spyrja hvernær þau mættu leika.³¹

Leik- og námsefni á deildum er fjölbreytt, höfðar til allra aldurshópa og er að mestu aðgengilegt börnunum. Lögð er áhersla á að gera börnum auðveldara að velja námsefni með því að hafa mikið af leik efni í gagnsæjum plastkössum. Hver kassi er vel merktur en letrið ef til vill heldur smátt fyrir börnin. Sem dæmi um leik- og námsefni má nefna spil, legó, ýmiskonar kubba, perlur og litla bíla. Efniviður til hlutverkaleikja er góður á eldri deildum og í sameiginlegu rými yngri deilda en ekki aðgengilegur börnunum. Á yngri deildum sáu matsmenn áherslu lagða á frjálsan leik, hópstarf, könnunarleik, söng- og samverustundir. Leikefni á yngri deild er einnig í gagnsæjum plastkössum vel merktum með mynd af tilteknu leikefni og stórum stöfum. Listasmiðjan er björt og rúmgóð og vel búin efnivið sem er aðgengilegur og vel merktur. Í salnum eru Holukubbar, einingakubbar, stór dýna, boltar og leiktæki til hreyfileikja. Í skáp í sal eru meðal annars hljóðfæri og spennandi hlutverkabúningar. Allt merkt og vel fyrir komið.

Á útileiksvæði barna er góð aðstaða fyrir alla aldurshópa sem býður upp á fjölbreytt viðfangsefni. Samkvæmt skipulagi eru börnin ekki öll úti í einu og því gott rými fyrir alla. Umhverfi leikskólans gefur takmarkaða möguleika á náttúruskoðun en deildarstjórar og leikskólakennarar nefndu að þeir nýttu opið svæði við Lindakirkju og Lindaskóla, sögðu að farið væri þangað í vettvangsferðir á sumrin.³²

Starfshættir

Á meðan á vettvangsathugunum stóð voru viðfangsefni barna nokkuð fjölbreytt og greina mátti áherslur leikskólans endurspeglast í starfi á öllum deildum. Skipulagðar stundir voru ríkjandi fyrir hádegi á eldri deildum eins og *Lubbastund* og hópstarf. Á dagskipulagi og á vettvangi mátti sjá að frjáls leikur fyrri hluta dags er inn á milli skipulagðra stunda en í stutta stund hvert sinn. Samkvæmt

29 Rýnihópur deildarstjóra.

30 Rýnihópur deildarstjóra.

31 Rýnihópur starfsmanna.

32 Rýnihópar deildarstjóra og leikskólakennara.

dagskipulagi fær frjáls leikur meira rými eftir hádegi, á deildum, í sal og útiveru. Á yngri deildum var frjáls leikur meira ríkjandi fyrir hádegi þann tíma sem matsmenn voru á vettvangi auk söng- og samverustunda, þar eru starfsmenn að hefja kynningu á Lubbaverkefninu.³³ Sjá mátti áhuga og einbeitingu barna og þau nutu sín í þeim verkefnum sem í boði voru. Í sumum tilfellum virtist sem hóparnir væru of fjölmennir miðað við hljóðvist deildanna. Í rýnihóp barna kom fram að það væru læti í samveru- og Lubbastund og sögðust þau vilja hafa heyrnatól.³⁴ Samskipti starfsmanna við börnin einkenndust af umhyggju, jákvæðni og hvatningu. Starfsmenn sátu gjarnan við borð eða á gólfi hjá börnunum og voru þátttakendur í leik þeirra. Starfsmenn notuðu virka hlustun, hvöttu börnin og sýndu leik þeirra áhuga. Starfsmenn studdu markvisst við jákvæð samskipti barna í leik með því að leiðbeina þeim og vísa í vináttuverkefnið Blæ.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í lýðræðiskafli í skólanámskrá er lögð áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Stjórnendur og deildarstjórar sögðu að val barna væri nokkurt í daglegu starfi. Meðal þess sem börnin velja er nafn á hópinn sinn og að setja sér reglur í hópastarfi. Þau hafa aðgang að öllu leikefni og eiga að ganga frá eftir sig. Afmælisbörn mánaðarins velja eina máltíð í mánuði. Á eldri deildum kemur eitt barn vikulega með bók að heiman sem það kynnir fyrir hópnum og er jafnframt bókavörður þá viku. Börnin velja bók til að lesa og sönglög í samveru- og söngstund. Að sögn starfsmanns á yngri deild hafa börnin oftast val um viðfangsefni í frjálsum leik.

Deildarstjórar töluðu um þróunarverkefnið *Leikum, lærum og lifum* sem skólinn vann fyrir nokkrum árum í samstarfi við RannUng og leikskóla í Kraganum.³⁵ Að þeirra mati skilaði það sér í aukinni aðkomu barna í leikskólastarfinu, þeir nefndu þátttöku barna í matmálistímum og að valinu hafi verið breytt í kjölfar þessarar vinnu.³⁶ Deildarstjórar bentu á að einkunnarorðin Virðing, ábyrgð, sjálfstæði, lýðræðisverkefnið og vináttuverkefnið um Blæ eigi öll að geta stuðlað að auknum áherslum í barnalýðræði.³⁷ Börnin í rýnihóp sögðu að í frjálsum leik gætu þau valið það sem þau vildu og gætu skipt um leikefni að vild en sögðust ekki fá að velja hvað væri í matinn.³⁸ Á vettvangi mátti sjá börnin sem virka þátttakendur í undirbúningi matmálistíma, þau sækja vagninn, leggja á borð og ganga frá eftir matartímann. Þá daga sem vettvangsathugun fór fram voru það starfsmenn sem skömmtuðu börnunum á diskana. Börnin eru ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatökum innan leikskólans og hafa ekki raunveruleg áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Starfsmenn nefndu að ef lítil áhugi væri á einstaka viðfangsefni leggðu þeir sig fram um að fylgja áhugasviði barnanna og vísuðu í uppeldisfræði *Dauðu músarinnar*.³⁹ Starfsmenn vísa í *Bínu* reglur sem þátt í lýðræðislegu uppeldi en reglurnar eru á öllum deildum, myndrænar og í hæð barnanna. Unnið er markvisst með þær og börnin þekkja þær mjög vel.⁴⁰

Námssvið

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir hverju námssviði og áherslum. Vinna með námssviðin er samþætt daglegu starfi og birtist í dagskipulagi deilda og á vettvangi.

Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.⁴¹ Læsisstefnunnar er ekki getið sérstaklega í skólanámskrá eða í starfsáætlun. Í umbótaáætlun starfsáætlunar kemur fram að rífa þurfi upp læsisstefnuna með starfsmönnum. Námsumhverfið styður ríkulega við máltöku og málþroska allra barna og á vettvangi mátti sjá áherslur á læsi og ritmál. *Lubbi finnur málbein* er verkefni sem styður sérstaklega við þessar áherslur og er sem rauður þráður í daglegu starfi, það er unnið í hópastarfi þrisvar í viku. Einnig er áhersla á læsi í hópastarfi, söng- og samverustundum og frjálsum leik. Á vettvangi mátti sjá að unnið er markvisst að þessum verkefnum í daglegu starfi. Fram kom hjá deildarstjórum að frjáls leikur, samverustundir, hópastarf, daglegar athafnir í fataklefa og matamálistíma, eru nýttar í þeim tilgangi að hvetja börnin til að tjá sig um ýmis málefni. Matsmenn urðu vitni að góðum og innihaldsríkum samtölum og þá sérstaklega í matmálistímum á öllum deildum. Á vettvangi er ritmál sýnilegt á öllum deildum í hæð barna. Hvert barn á bakka/skúffu sem er í hæð þess og merkt með nafni. Unnið er með leikrit og sögugerð í

33 Lubbi finnur málbein.

34 Rýnihópur barna.

35 Þróunarverkefni.

36 Rýnihópur leikskólakennara.

37 Vináttuverkefnið Blæ.

38 Rýnihópur barna.

39 Skólanámskrá leikskólans.

40 Bínureglur.

41 Læsisstefna leikskólans.

samverustundum og í sal.⁴² Allt leikefni er vel merkt, bókstafir, tölustafir og form í hæð barna. Bækur eru á öllum deildum og á gangi milli deilda. Á yngstu deildum eru bókahillur á vegg þar sem bækur eru sýnilegar börnunum. Bækur á eldri deildum eru í kassa, einnig aðgengilegar börnum en ekki eins vel sýnilegar. Gott bókasafn er í undirbúningsherbergi.

Í skólanámskrá leikskólans er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl. Vinna með heilbrigði og vellíðan birtist í jákvæðum samskiptum, samkennd og vináttu. Á vettvangi mátti sjá starfsmenn styðja við jákvæð samskipti barna sem einkennast af virðingu og trausti. Eins og áður hefur komið fram keypti Kópavogsbær vináttuverkefnið Blæ fyrir alla leikskóla bæjarins. Vináttuverkefnið Blæ byggir á myndrænum spjöldum sem eru sýnileg börnunum og hjálpa þeim og hvetja, með aðstoð starfsmanna, að tjá sig á jákvæðan hátt með vinsemd og virðingu.

Kópavogsbær hefur sett næringarstefnu fyrir leikskóla bæjarins þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á hollt og heilsusamlegt fæði. Lögð er áhersla á að matartímar einkennist af rólegum tíma þar sem öllum líður vel. Í kafla um hreyfingu í skólanámskrá er lögð áhersla á útveru sem stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli.⁴³ Börnin fara út á hverjum degi, einu sinni eða oft en vegna Covid-19 er tekið á móti börnunum úti og þeim skilað úti. Skipulagðar vettvangsferðir eru ekki í dagsskipulagi leikskólans en farið af og til í gönguferðir um nágrenni leikskólans.⁴⁴ Eins og áður hefur komið fram hafa börnin aðgang að salnum einu sinni í viku og þar fer fram frjáls leikur og skipulagðar hreyfistundir. Á meðan á vettvangsathugunum stóð var salurinn nýttur að hluta til en möguleikar eru á að nýta hann enn betur yfir daginn með minni hópum.

Í skólanámskrá segir að helstu leiðir til að upplifa náttúruna af eigin raun og læra að njóta hennar séu vettvangsferðir um nánasta umhverfi. Einnig er talað um að útsvæðið sem hluta af fábrotinni náttúru leikskólans þar sem barnið prófar sig áfram með náttúrulegan efnivið.⁴⁵ Fram kom hjá deildarstjórum að ekki væri um markvisst útinám að ræða en af og til farið í vettvangsferðir og óskipulega sé fylgst með breytingum í náttúrunni til dæmis með því að tína lauf á haustin. Fram kom hjá deildarstjórum að þeir hafi áhuga á að koma á markvissari vettvangsferðum í hópastarfi. Rýnihópur starfsmanna var sammála því að lítið væri unnið með útinám eða skipulagðar vettvangsferðir, helst að farið væri á opin svæði við Lindaskóla og Lindakirkju.⁴⁶ Matjurtagarður er í einu horni lóðarinnar þar sem börnin fá tækifæri til að rækta grænmeti og ber, fylgjast með vextinum og njóta uppskerunnar. Í gögnum leikskólans er ekki getið um markvissa vinnu með sjálfbærni og umhverfisvitund. Umhverfisstefna Kópavogs er sameiginleg fyrir alla leikskóla og er gagnleg leikskólanum til að efla markvisst umhverfisvitund og stuðla að sjálfbærri þróun.

Á vettvangi mátti sjá að unnið var með stærðfræði á eldri deild í hópastarfi. Einnig er til leikefni sem ýtir undir stærðfræði og á vettvangi mátti sjá börn glíma við tölur og form. Á ganginum er tveimur litlum vísindahornum vel fyrir komið þannig að þau eru aðgengileg börnum og allt efni vel merkt. Í vísindahornunum eru borð og stólar, hillur með bókum, stækkunarglerjum og ýmsum efnivið úr náttúrunni. Í salnum eru einingar- og holukubbar og þar er gott rými til að byggja og vinna með stærðfræðitilraunir. Ekki var unnið með þessa þætti í leikskólanum á þeim tíma sem matið fór fram.

Listasmiðja er björt og rúmgóð og mörg tækifæri gefast til að nýta það svæði á fjölbreyttan hátt með minni hópum. Í listasmiðju er fjölbreyttur efniviður, vel merktur og aðgengilegur starfsmönnum. Meðal annars mátti sjá endurnýtanlegan efnivið sem nýtist til skapandi starfs, vísindaleikja og rannsóknna. Aðgengi barna að efniviðnum er takmarkað nema undir stjórn og aðstoð starfsmanna. Hluti af efniviði til skapandi starfs svo sem litir, pappír, skæri og endurnýtanlegur efniviður er á vögnum á hverri deild sem eykur möguleika barnanna til skapandi starfs. Verk barnanna voru ekki mjög áberandi á veggjum deilda. Ekki kemur fram í gögnum hvort unnið er markvisst með skapandi starf í hópastarfi eða á öðrum tímum í dagskipulagi.

Í skólanámskrá er þess ekki getið hverjar áherslur eru eða hvernig á að vinna með sjálfbærni/endurvinnslu. Matsmenn sáu flokkunarkassa á deildum en óljóst var hvort börnin væru þátttakendur í að

42 Rýnihópur starfsmanna.

43 Skólanámskrá leikskólans.

44 Rýnihópur deildarstjóra.

45 Skólanámskrá leikskólans.

46 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

flokka að öðru leyti en að flokka matarafganga í lok máltíða. Börnin taka þátt í umhirðu lóðarinnar en ekki er markvisst unnið með flokkun eða tínslu á rusli. Veggspjöld með leiðbeiningum um flokkun í grænar og brúnar tunnur eru á gangi við eldhús. Einnig voru þar leiðbeiningar um flokkun frá sörp-hirðu Gámaþjónustunnar.

Áhersla á tónlist er helst í samveru- og söngstundum deilda en hljóðfæri voru ekki notuð þá daga sem matsmenn voru á vettvangi. Starfsmaður á annarri eldri deildinni spilaði á gítar í söngstund og hann sér einnig um undirleik í sameiginlegum söngstundum. Í skáp í sal er nokkurt úrval hljóðfæra sem er aðgengilegt starfsmönnum. Stjórnendur voru sammála um að nýta mætti betur og markvissar hljóðfærin með börnunum.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum einkennist af áhuga, umhyggju og virðingu fyrir börnunum. Lögð er rík áhersla á líðan barna, þeim er hrósað og þau hvött áfram. Velliðan barna er studd með jákvæðum samskiptum og félagslegum tengslum. Á vettvangi mátti sjá að áherslur leikskólans um góð samskipti endurspeglast í daglegu starfi. Starfsmenn eru nálægt börnunum í leik, þeir sýna þeim áhuga, leiðbeina og hvetja. Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn sem áttu í góðum samskiptum og ekki bar á árekstrum í barnahópnum.

Börn í rýnihóp sögðu að það væri gaman að leika, gaman úti, að teikna stafi á töfluna, lita hljóðfærin í tónlist og gaman væri í hópastarfi. Þau töldu upp skemmtilegt leikefni svo sem segulkubba, dúkkur, dýr og bíla. Þegar þau voru spurð hverju þau fái að ráða sögðust þau velja dótið sem þau vilja leika með en ráði ekki hvort þau fara út, þá ráða kennararnir. Aðspurð hvort það væri nóg af leikföngum þá fannst þeim það en vildu fá meira vinnudót (smíðadót) og einhyrningapóní sem var einu sinni til. Spurð um líðan og reglur sögðu þau að þeim líði vel en að ekki mætti koma með dót að heiman vegna Covid. Varðandi reglur sögðu þau að bara væri bannað að meiða og segja ljótt. Ef einhver meiði þá segi þau stopp eða hættu og þau nota *Bínu* reglurnar um að sitja kyrr, hlusta og bera virðingu fyrir öðrum. Þau voru sammála um að kennararnir hrósuðu þeim og fylgdist líka með þeim, hvort einhver dettur og meiðir sig. Kennararnir leika stundum við þau, lesa og syngja.⁴⁷ Í foreldrakönnun er meirihluti foreldra sammála því að barninu líði vel í leikskólanum. Þeir telja að barnið þeirra sé öruggt og að starfsmenn þekki þarfir þess og styðji það í leikskólastarfinu. Börnum og foreldrum er vel tekið og að jákvæðni, hlýja og þolinmæði er einkennandi fyrir starfsmenn.⁴⁸

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki, Hljóm-2 sem kannar hljóð- og málvitund og er lagt árlega fyrir elstu börnin. EFI-2 er málþroskaskimun sem er lögð fyrir börn á fjórða ári. TRAS skráningarlistinn (n: Tidig registering af sprákuþvikling) fyrir alla árganga en er ekki notað markvisst nema í einstaka tilfellum.⁴⁹ Orðaskil-málþroskalisti, er málþroskaskimun fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. AEPS (e. Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er færnimiðað matstæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskráa þar sem íhlutun er skipulögð. Matstækið leggur áherslu á samstarf foreldra og fagfólks.⁵⁰

Í leikskólanum eru ekki gerðar *uppeldislegar skráningar* á námi og framförum barna og þau setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta framfarir sínar. Öll börn eiga ferilmöppu sem fylgir þeim milli deilda. Þar safna þau ýmsum verkefnum eins og að byrja í leikskóla. Safnað er upplýsingum að heiman, myndum og upplýsingum um barnið og fjölskyldu þess; segja má að þetta sé vísir að vinnu með heimamenningu allra barna. Einnig er safnað í ferilmöppuna, listaverkum og teikningum. Mappan er ekki notuð í þeim tilgangi að fylgjast með heildar framförum barnanna, þar var ekki að finna uppeldislegar skráningar né gögn um hvernig börnin meta leikskóla sinn, utan niðurstöður úr spurningum til eldri barna og ljósmyndir yngri barna sem safnað er fyrir afmæli Dals. Foreldrar taka ekki þátt í að meta nám og framfarir barna sinna en fá almennar upplýsingar í foreldraviðtölum.⁵¹ Mikill meirihluti

47 Rýnihópur barna.

48 Foreldrakönnun.

49 Skólanámskrá leikskólans.

50 Heimasíða leikskólans.

51 Rýnihópur deildarstjóra.

foreldra segir að barni sínu líði vel í leikskólastarfinu. Þau eru sammála því að barnið þeirra sé öruggt og að það aðlagist vel barnahópnum.⁵²

Styrkleikar

- Áherslur leikskólans, læsi og samskipti endurspeglast í starfi með börnunum.
- Starfsmenn eru hvetjandi og sýna börnunum virðingu og jákvætt viðmót.
- Samskipti barna eru jákvæð, áhugi og gleði ríkir í leikjum og börnunum líður vel.
- Námsumhverfi og efniviður er fjölbreyttur, vekur áhuga barna og tekur mið af hæfileikum og námsþörfum þeirra.
- Aðgengi barna að leikefni á deildum er gott og efniviður vel merktur.
- Ritmál er sýnilegt á öllum deildum leikskólans í hæð barnanna og bækur eru aðgengilegar.
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er í markvisst miðlað til allra starfsmanna.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og líðan barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða mætti dagskipulag eldri deilda með hliðsjón af því að gefa frjálsa leiknum samfelldari tíma í dagskipulagi og gera það myndrænt.
- Æskilegt er að skoða stærðir barnahópa í hópastarfi með tilliti til gæða hópastarfsins og hljóðvistar húsnæðisins.
- Skoða ætti möguleika á að fjölga felliborðum á deildum.
- Nýta má betur sameiginleg svæði eins og sal og listasmiðju.
- Leita þarf leiða til að auka þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólastarfinu og gefa þeim tækifæri til að setja sér markmið og meta framfarir sínar.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum barna í leikskólanum.
- Gera þarf meira af því að vinna með sköpun þar sem áherslan er á ferlið fremur en afurðina.
- Æskilegt væri að vinna meira markvisst með vettvangsferðir og útinám.
- Leggja ætti aukna áherslu á markvissa vinnu með vísindi, sjálfbærni, náttúruskoðun og útinám.
- Skoða ætti möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna.

52 Foreldrakönnun vegna ytra mats.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Þrír fulltrúar eru kosnir í foreldraráð og sjá um einstök lögbundin verkefni. Kosið er í stjórn foreldraráðs á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti. Foreldrafélag er starfandi við leikskólans og sömu aðilar eru í stjórn foreldraráð og foreldrafélags. Fulltrúar í foreldraráði/foreldrafélagi hittist eftir þörfum og sitja saman alla fundi þar sem sama stjórn er yfir báðum. Á heimasíðu leikskólans er hlekkur merktur foreldraráði og foreldrafélagi. Sameiginleg handbók er einnig á heimasíðu leikskólans með ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem markmið, hlutverk og verkefni foreldraráðs og foreldrafélags. Foreldraráð hefur sett sér starfsreglur sem birtast á heimasíðu. Lög foreldraráðs og foreldrafélags eru í skólanámskrá leikskólans. Gerð er grein fyrir formanni og gjaldkera en ekki kemur fram hver er ritari í foreldraráði/foreldrafélagi. Auk þriggja lögbundinna aðila í foreldraráði sitja meðstjórnendur í foreldrafélaginu, samtals átta manns að leikskólastjóra meðtöldum, alla fundi foreldraráðs/foreldrafélags. Fundargerðir foreldraráðs er ekki að finna á heimasíðu. Fundargerðir foreldrafélags eru á heimasíðu og samkvæmt því var síðast fundað í mars 2019. Leikskólastjóri sagði skýringuna á því vera að einhver bilun væri í kerfinu sem sér um heimasíðuna, hins vegar væru sömu fundargerðir fyrir foreldraráð og foreldrafélag. Leikskólastjóri boðar fundi með dagskrá og situr þá. Samstarf við foreldraráð og foreldrafélag er gott og foreldrafélagið styður vel við leikskólastarfið að sögn leikskólastjóra. Foreldrafélagið stendur meðal annars fyrir leiksýningum, heldur upp á afmæli leikskólans og fjármagnar meðal annars vöfflukaffi, veitingar á jólaballið, og rútufurð í sveitina.⁵³ Vegna Covid-19 var ákveðið að sleppa fundi í haust en samskipti við foreldraráð/foreldrafélag hafa að sögn leikskólastjóra, að mestu farið fram á sameiginlegri fésbókarsíðu.⁵⁴

Viðhorf foreldra

Áður en barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar sent heim kynningarit með ýmsum upplýsingum um leikskólastarfið. Að sögn leikskólastjóra eru nýir foreldrar boðaðir á kynningarfund þar sem þeim er kynnt starfsemi leikskólans. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og oftast ef óskað er. Í viðtölum er fjallað um líðan barna og færni, rætt um hópastarf og farið yfir niðurstöður úr skimunarprófum. Leikskólinn er ekki með samræmdar upplýsingar fyrir viðtöl við foreldra en deildarstjórar sögðust vera að vinna að því að samræma þær.⁵⁵ Í foreldrakönnun sem unnin var af Menntamálastofnun í tengslum við í tengslum við ytra matið í leikskólanum segir rúmur helmingur foreldra sem svara, að þeir taki þátt í að meta stöðu og framfarir barna sinna. Spurningunni um hvort þeir fái greinargóð svör við spurningum um leikskólann svara meirihluti því til að þeir séu mjög eða frekar ánægðir. Meira en helmingur foreldra eru mjög eða frekar sammála að þeir fái reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Þegar niðurstöður úr foreldrakönnun eru skoðaðar í heildina er mikill meirihluti foreldra ánægður með leikskólann.

Í könnuninni kom fram að foreldrar eru almennt jákvæðir í ummælum sínum um leikskólastarfið, segja aðbúnað góðan og telja að barnið þeirra taki framförum. Þeir eru mjög ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna og flestum finnst þeir vera hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu. Vegna Covid-faraldursins var upplýsingargjöf til foreldra þennan vetur að mestu í formi tölvupósts en einnig í gegnum Völu-appið. Foreldrar töldu sig ekki fá nægar upplýsingar um barnið og nefndu að erfitt væri að ná tali af kennurum þar sem vegna áðurnefndra aðstæðna þarf að taka á móti og skila börnunum úti. Foreldrar segja að af þessum ástæðum skorti á daglegar upplýsingar. Æskilegt væri að fá vikulega pósta frá einstaka deildum þar sem fram kæmi hvernig dagarnir hafa gengið til dæmis varðandi svefn og matarvenjur barnanna. Einnig mættu starfsmenn vera duglegri að miðla sín á milli upplýsingum um líðan barns til að greina foreldrum frá.⁵⁶

53 Heimasíða leikskólans.
54 Viðtal við leikskólastjóra.

55 Rýnihópur deildarstjóra.
56 Foreldrakönnun vegna ytra mats.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn Núpur og Lindaskóli eru staðsettir í sama hverfi og leikskólinn Dalur. Formlegt samstarf er milli þessara skóla.⁵⁷ Í starfsáætlun segir að skipulag sé gert í upphafi vetrar. Þar segir meðal annars að kennarar elstu barna leikskólans, kennarar fyrstu bekkinga grunnskólans og yfirmaður dægradvalar hittist og skipuleggi samstarfið. Elstu börn leikskólanna fá í upphafi kynningu á grunnskólanum og yfir veturinn fara þau í kennslustund í fyrsta bekk, taka þátt í samverustund, leikfimitíma og útkennslu. Í tengslum við heimsóknirnar borða leikskólabörnin í matsal grunnskólans. Yfir veturinn fara elstu börnin í dægradvöl einu sinni í viku með leikskólakennurum sínum og vinna þar meðal annars með stærðfræðiverkefni. Nemendur í 10. bekk grunnskólans heimsækja leikskólann og lesa fyrir börnin og fá ávexti.⁵⁸ Skráða áætlun um samstarf skólastiganna er ekki að finna í gögnum leikskólans eða upplýsingar um með hvaða hætti gagnkvæmar kennaraheimsóknir fara fram. Stefnan er að öll börn leikskólans nýti sér bókasafn grunnskólans en á þessu ári hefur ekki verið hægt að framfylgja henni vegna aðstæðna í Covid-faraldri.

Annað samstarf

Leikskólinn er í samstarfi við leikskólann Núp sem er nágrannaleikskóli. Leikskólarnir halda sameiginlega sumarhátíð þar sem, sýnt er leikrit og grillaðar pylsur. Skipst er á að halda hátíðina í görðum leikskólanna. Deildarstjórar nefndu að samstarf hefði áður verið við eldri borgara en sú samvinna væri ekki virk.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, gott viðmót starfsmanna og þeir finni sig velkomna í leikskólann.
- Upplýsingastreymi til foreldra er að mestu leyti gott.
- Foreldrar fá upplýsingabækling um leikskólann og starfsemi hans áður en barn byrjar.
- Leikskólinn er með aðlögunaráætlun.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann í hverfinu og unnið er eftir ákveðnu skipulagi.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið og samræma þær.
- Gera þarf fundargerðir foreldraráðs sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
- Skoða ætti starfsreglur foreldraráðs í samræmi við lög um leikskóla.
- Skrá þarf samstarf við önnur skólastig á formlegan hátt.

57 Skólanámskrá leikskólans.

58 Viðtal við leikskólastjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 70% starfi sem hefur ábyrgð og umsjón með sérkennslu, sinnir frumgreiningu og veitir ráðgjöf til starfsmanna og foreldra. Sérkennslustjóri er hluti af stjórnunarteymi og tekur þátt í ákvarðanatöku er varðar börn með stuðning, ber ábyrgð á skipulagi sérkennslu, situr deildarfundum og miðlar upplýsingum um einstök börn. Lögð er áhersla á að sérkennslan fari að mestu fram inni á deildum en þegar þörf er á tekur sérkennslustjóri börn í einstaklingskennslu. Sérkennslustjóri leiðbeinir starfsmönnum sem sjá um stuðning við sérkennslubörn á deildum. Unnið er með málörvunarhópa og félagsfærnihópa á deildum og einnig í sérkennsluherbergi. Námsumhverfið býður upp á fjölbreytni að sögn sérkennslustjóra sem er ánægður með þau námsgögn sem til eru og sagði jafnframt að auðvelt væri að fá leyfi til að kaupa það sem á vantar. Ferli sérkennslu eru gerð skil í skólánámskrá.⁵⁹ Í starfsmannahandbók leikskólans eru markmið og vinnulýsingar fyrir sérkennslu, samstarf við grunnskóla vegna sérkennslubarna og samstarf við sérfræðinga.

Einstaklingsnámskrá er unnin fyrir börn með skilgreinda fötlun, foreldrar taka þátt í gerð hennar. Myndað er teymi um hvert barn sem hittist reglulega. Í teyminu eru sérkennslustjóri leikskólans, foreldrar, stuðningsaðili og sérkennslufulltrúi Kópavogs. Foreldrar eru upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna á teymisfundum sem eru á 6–8 vikna fresti og oftast ef óskað er.

Talmeinafræðingur og sálfræðingur koma í leikskólann tvisvar á ári og oftast ef þarf. Stuðningur er metin reglulega, einu sinni í mánuði og oftast ef með þarf. Sérkennslustjóri hittir aðstoðarskólustjóra og /eða deildarstjóra stoðþjónustu til að miðla upplýsingum um sérkennslubörn sem eru að flytjast milli skólastiga. Aðstoðarskólustjóri grunnskólans kemur í leikskólann og fær almennar upplýsingar um öll börn. Sérkennslustjóri hittir einnig stjórnendur annarra grunnskóla ef börn úr leikskólanum fara í skóla utan hverfisins.⁶⁰

Starfsmenn segja að sérkennslustjóri sjái til þess að þeir fái upplýsingar um einstök börn á deildarfundum og segjast vera mjög vel upplýstir um stöðu sérkennslubarna. Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að halda deildarfundum. Einnig finnst þeim samskiptabókin mikilvæg fyrir þau.⁶¹

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í dag eru fjögur börn í leikskólanum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í öllum tilfellum talar og skilur annað foreldri íslensku. Fram kom hjá sérkennslustjóra að ekki hafi reynt á túlkajónustu undanfarið. Deildarstjórar sögðust ekki vinna markvisst með heimamenningu barna og ekki eru sérstakar áherslur varðandi íslenskukennslu eða vinnu með móðurmál barnanna. Eins og áður hefur komi fram er vísi að vinnu með heimamenningu allra barna að finna í ferilmöppum þeirra. Upplýsingar á heimasíðu eru ekki á öðrum tungumálum en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri með sérkennsluréttindi er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu, foreldrar taka þátt í gerð þeirra og þær eru endurskoðaðar reglulega.
- Sérkennslustjóri veitir starfsmönnum sem starfa með sérkennslubörnum upplýsingar, leiðbeinir þeim og veitir ráðgjöf.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla fari sem mest fram á deildum.
- Leikskólinn hefur aðgang að túlkajónustu.
- Vísi að vinnu með heimamenningu er að finna í ferilmöppum barna.

59 Viðtal við sérkennslustjóra.

60 Viðtal við sérkennslustjóra.

61 Rýnihópur starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Hafa ætti almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í starfsmannahandbók er að finna skjal með lýsingum á innra mati leikskólans. Þar kemur fram hvaða matstæki eru notuð til að meta nám og framfarir barna. Að lagðar séu fyrir foreldra- og starfsmannakannanir í samvinnu við Skólalámsinn. Annað mat skal framkvæmt með samræðumati utan viðburða sem metnir eru út frá vinnulýsingum sem finna má í starfsmannahandbók.⁶² Skólanámskrá skal metin á fimm ára fresti með aðkomu allra í skólasamfélaginu og öryggisnefnd skal meta aðstæður í leikskólanum. Í skólanámskrá kemur ekki fram hvaða leiðir skólinn fer í innra mati. Þar segir aðeins að innra mat skuli fara fram í starfsmannasamtölum, foreldrasamtölum og einnig á fundum og skipulagsdögum. Markmið leikskólans eru ekki metin og ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Í samvinnu við Skólalámsinn eru gerðar foreldra- og starfsmannakannanir og er hvor könnun um sig lögð fyrir annað hvert ár. Eins og áður hefur komið fram er eitt námsvið metið árlega í samræmi við reglur Kópavogsbæjar. Hópastarf í verkefninu Lubba er metið tvisvar á ári í samræðumati með þátttöku eldri barna. Óformlegt mat á starfsháttum fer fram í starfsmannaviðtölum, á deildarfundum og starfsmannafundum. Í leikskólanum eru nákvæmar vinnulýsingar um atburði og verkefni sem notaðar eru til að meta viðburði. Ekki liggja fyrir áætlanir um innra mat til lengri tíma.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Ekki hefur verið stofnað matsteymi í leikskólanum en ábyrgð á framkvæmd mats er hjá leikskólastjóra. Nákvæm dagsett matsáætlun er ekki til. Stjórnunarteymi fer yfir niðurstöður þeirra kannana sem gerðar eru og áður eru nefndar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri vinna úr niðurstöðum kannana og niðurstöðum samræðumats starfsmanna. Starfsmenn vinna að umbótaáætlun með stjórnendum á vinnufundum. Stjórnendur setja upp umbótaáætlun sem þeir leggja fyrir foreldraráð til umsagnar. Foreldrar hafa ekki að öðru leyti aðkomu að gerð umbótaáætlunar. Mat á framförum barna er hluti af leikskólastarfinu. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að börnin taka þátt í mati einu sinni á ári. Þá eru eldri börnin spurð um starfið í leikskólanum, hvað er skemmtilegt eða leiðinlegt. Einnig eru börnin spurð um hvernig þeim líki maturinn. Hjá yngri börnunum eru teknar myndir af því sem þeim finnst skemmtilegt. Niðurstöður eru kynntar í starfsáætlun. Deildarstjórar gerðu athugasemd við að lítil tengsl væru milli þess sem börnin segja og þess sem birtist.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana voru kynntar fyrir starfsfólki á starfsdegi og rætt um nauðsynlegar umbætur. Hver deild ákveður hvernig taka skal á umbótaþáttum. Niðurstöður foreldrakönnunar voru kynntar fyrir foreldraráði og til stendur að kynna þær fyrir öllum foreldrum. Umbótaáætlun er að finna í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu leikskólans.

Starfshópurinn gat nefnt nokkur dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til. Sem dæmi var nefnt breytt skipulag á hópastarfi og frjálsum leik, endurskoðun á leikefni í og gangi væri að skoða betur vinnu með tónlist og sköpun.

Í starfsáætlun eru niðurstöður innra mats á námssviðum lítilla gerð skil og samræmist því sem matsmenn lásu úr gögnum og á vettvangi. Umbótum í starfsáætlun eru gerð ágæt skil og lögð áhersla á nokkra mikilvæga þætti sem á að styrkja.⁶³

62 Mat og matsaðferðir.

63 Starfsáætlun leikskólans.

Styrkleikar

- Gerðar eru starfsmanna- og foreldrakannanir hvor um sig annað hvert ár.
- Starfsáætlun er metin árlega og í henni eru niðurstöðum innra mats á námsviðum gerð skil.
- Umbótaáætlun er í starfsáætlun sem aðgengileg er á heimasíðu leikskólans.
- Eitt námsvið er metið árlega í samræmi við reglur Kópavogsbæjar.
- Gerðar eru tilraunir til að fá fram mat barna.
- Starfsmenn gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat hefur leitt af sér.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rauti – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Dals: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektafólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.
- Útileiksvæði er stórt og vel skipulagt, búið góðum leiktækjum og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Starfsmenn þekkja stefnu og gildi leikskólans og geta bent á leiðir til að framfylgja þeim.
- Foreldrar þekkja gildi leikskólans og stefnu og telja markvisst unnið með hana.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu og allar lögbundnar áætlanir.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans og leikskólastjórnendur leggja áherslu á gæða samskipti í honum.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingaflæði leikskólans.
- Starfsandi og skólabragur er góður og einkennist af gagnkvæmri virðingu og samkennd.
- Starfsmönnum líður vel í vinnunni, segja þekkingu sína og hæfni vel nýttu og hafa trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með símenntunartilboð og viðbrögð við óskum um símenntun.
- Áherslur leikskólans, læsi og samskipti endurspeglast í starfi með börnunum.
- Starfsmenn eru hvetjandi og sýna börnunum virðingu og jákvætt viðmót.
- Samskipti barna eru jákvæð, áhugi og gleði ríkir í leikjum og börnunum líður vel.
- Námsumhverfi og efniviður er fjölbreyttur, vekur áhuga barna og tekur mið af hæfileikum og námsþörfum þeirra.
- Aðgengi barna að leikefni á deildum er gott og efniviður vel merktur.
- Ritmál er sýnilegt á öllum deildum leikskólans í hæð barnanna og bækur eru aðgengilegar.
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er markvisst miðlað til allra starfsmanna.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og líðan barna sinna.
- Foreldraráð/foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, gott viðmót starfsmanna og þeir finni sig velkomna í leikskólann.

- Upplýsingagjöf til foreldra er að mestu leyti góð.
- Foreldrar fá upplýsingabækling um leikskólann og starfsemi hans áður en barn byrjar.
- Leikskólinn er með aðlögunaráætlun.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann í hverfinu og unnið er eftir ákveðnu skipulagi.
- Sérkennslustjóri með sérkennsluréttindi er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem njóta sérkennslu, foreldrar taka þátt í gerð þeirra og þær eru endurskoðaðar reglulega.
- Sérkennslustjóri veitir starfsmönnum sem starfa með sérkennslubörnum upplýsingar, leiðbeinir þeim og veitir ráðgjöf.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla fari sem mest fram á deildum.
- Leikskólinn hefur aðgang að túlkþjónustu.
- Vísi að vinnu með heimamenningu er að finna í ferilmöppum barna.
- Gerðar eru starfsmanna- og foreldrakannanir hvor um sig annað hvert ár.
- Starfsáætlun er metin árlega og í henni eru niðurstöðum innra mats á námsviðum gerð skil.
- Umbótaáætlun er í starfsáætlun sem aðgengileg er á heimasíðu leikskólans.
- Eitt námsvið er metið árlega í samræmi við reglur Kópavogsbæjar.
- Gerðar eru tilraunir til að fá fram mat barna.
- Starfsmenn gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat hefur leitt af sér.

Tækifæri til umbóta

- Meta þarf hljóðvist á deildum leikskólans.
- Skoða möguleika á að bæta aðstöðu fyrir viðtöl og minni fundi.
- Skólanámskrá frá 2018 ætti að endurskoða innan tveggja ára.
- Mikilvægt er að halda deildarfundi reglulega samkvæmt skipulagi.
- Skoða mætti fyrirkomulag starfsþróunarsamtala með tilliti til þess hverjir taka þau.
- Endurskoða mætti dagskipulag eldri deilda með hliðsjón af því að gefa frjálsa leiknum samfelldari tíma í dagskipulagi og gera það myndrænt.
- Æskilegt er að skoða stærðir barnahópa í hópastarfi með tilliti til gæða hópastarfsins og hljóðvistar húsnæðisins.
- Skoða ætti möguleika á að fjölga felliborðum á deildum.
- Nýta má betur sameiginleg svæði eins og sal og listasmiðju.
- Leita þarf leiða til að auka þátttöku og ákvarðanatöku barna í leikskólasterfinu og gefa þeim tækifæri til að setja sér markmið og meta framfarir sínar.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum barna í leikskólanum.
- Gera þarf meira af því að vinna með sköpun þar sem áherslan er á ferlið fremur en afurðina.
- Æskilegt væri að vinna meira markvisst með vettvangsferðir og útinám.
- Leggja ætti aukna áherslu á markvissa vinnu með vísindi, sjálfbærni, náttúruskoðun og útinám.

-
- Skoða ætti möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna.
 - Skoða þarf daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið og samræma þær.
 - Gera þarf fundargerðir foreldraráðs sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
 - Skoða ætti starfsreglur foreldraráðs í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.
 - Skrá þarf samstarf við önnur skólastig á formlegan hátt.
 - Hafa ætti almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum.
 - Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
 - Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
 - Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
 - Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
 - Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
 - Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
 - Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Dal leiðir í ljós kom að þar fer fram gott leikskólastarf. Gildi leikskólans: *Virðing – ábyrgð – sjálfstæði*, birtast vel í starfinu, stjórnendur leiða faglegt starf og leggja mikil áhersla á góð samskipti allra sem koma að leikskólastarfinu með því að vera sýnilegir og styðjandi. Skipulag starfsins og starfsmannastjórnun er góð og vel unnar leiðbeiningar um starfið fyrir starfsmenn. Starfsandi er mjög góður, gleði og virðing ríkir í starfsmannahópnum. Virðing og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti starfsfólks við börnin og markvisst er unnið að því að öllum líði vel í leikskólanum. Mat mati á þroska og framförum barnanna mætti vera markvissara. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Þeir eru einnig ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum. Vinna ætti að því að auka áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Gera mætti vinnu með vísindi, tónlist, sjálfbærni og skapandi starf hærra undir höfði. Nokkrir þættir starfsins eru metnir árlega en innra mat er ekki nægilega markvisst og ætti að gera það kerfisbundnara og meira samofið daglegu leikskólastarfi með því að afla fjölbreyttari gagna.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 26. sept. 2020.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Bínureglur. Sótt á vef 28. sept. 2020.

Slóðin er: http://talstudio.is/index.php?option=com_content&view=article&id=47&Itemid=57

Foreldrakönnun MMR vegna ytra mats í september 2020.

Heimasíða leikskólans. Sótt á vef 26. sept. 2020.

Slóðin er: <https://dalur.kopavogur.is>

Leikskóladagatal. Sótt á vef 28. sept. 2020.

Slóðin er: <https://dalur.kopavogur.is/um-skolann/skoladagatal-dals/>

Deildarstjóri leikskóladeildar Menntasviðs. Tölvupóstur.

Lubbi finnur málbein. Sótt á vef 4. okt. 2020.

Slóðin er: <http://www.lubbi.is>

Læsisstefna leikskólans. Sótt á vef 25. sept. 2020.

Slóðin er: <https://dalur.kopavogur.is/namid/throunarverkefni/>

Mat og matsaðferðir í leikskólanum Dal. Skjal í starfsmannahandbók Dals.

Skólanámskrá leikskólans. Sjótt á vef 28. sept. 2020.

Slóðin er: <https://dalur.kopavogur.is/library/Files/Skólanámskrá%202018.pdf>

Starfsáætlun. Sótt á vef 28. sept. 2020.

Slóðin er: <https://dalur.kopavogur.is/library/contentfiles/Starfsáætlun%202020-2021.pdf>

Starfsmannakönnun Skólapúlsinn apríl 2020. Gögn frá leikskólastjóra.

Vináttuverkefnið Blær. Sótt á vef 29. sept. 2020.

Slóðin er: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>

Viðtöl:

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

